

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	30.6.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Arnarlax ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti: 1) Olútunna var ekki með lekabyttu undir sér um borð í pramma í Tálknafirði. 2) Ekki var tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnun um útsetningu seiða í kvíar í Vatneyri. 3) Upplýsingar um vöktun á eldissvæði fyrir útsetningu barst ekki á réttum tíma.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 12.200 tonn og nær það til tveggja sjókvíaeldissvæða, Patreksfirði sem samanstendur af eldissvæðunum Eyri, Sandodda og Vatneyri og Tálknafirði þar sem er eldissvæðið Laugardalur. Starfsleyfið gildir til 28. ágúst 2035.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Þrjú frávík komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Heildarframleiðsla ársins 2024 var 6.111 tonn, heilarlífmassi á hverjum tíma var innan leyfilegrar marka starfsleyfis. Losun á fosfór var 6,8 kg P/tonn en hámarkslosun var innan leyfilegrar losunar starfsleyfis sem er 9,0 kg P/tonn á ári.
Skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi voru í lagi. 279,5 tonn af Slice fóðri fyrir aflúsun var notað og 32,9 lítrar af lúsalyfinu Alphamax. Seiði voru sett út í Eyri í kringum 19. ágúst 2024 og í Vatneyri 31. ágúst 2024 samkvæmt mælaborði Matvælastofnunar. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki borist tilkynningu um útsetningu í Vatnseyri og er það því frávík grein 3.2 í starfsleyfi. Upplýsingar um vöktun á svæði í Vatnseyri barst 30. september 2024, einum mánuði eftir að útsetning seiða átti sér stað. Samkvæmt grein 3.2 í starfsleyfi þá á rekstraraðili að skila inn vöktun á svæðinu tveimur vikum áður en seiði eru sett út í kvíar og er það því frávík frá starfsleyfi, en frávíkinu er lokað þar sem skýrslan hefur borist eftirlitsaðila.
- Skv. mælingum sem gerðar voru við hámarkslífmassa 23. janúar 2024 í Laugardal þá var styrkur kopars á stöð C1 161 mg/kg þurrvigt sem er rúmlega helmingi hærra en efri mörk náttúrulegra gilda. Skv. gr. 3.4 um efnalosun í starfsleyfi kemur fram að ef vöktunarmælingar bendi til þess að kopar safnist upp á eldissvæði er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að endurskoða heimildina fyrir notkun ásætuvarna. Tekið skal mið af umhverfismörkum II vegna kopars í sjávarseti í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns við þá endurskoðun.
Skv. mælingum sem gerðar voru við hámarkslífmassa 1. september 2024 í Laugardal gáfu niðurstöður til kynna nokkur röskun sé á botndýralífi á þremur sýnatökustöðvum (C1, C3 og C4). Kopar gildi í seti við stöð C1 mældist 52,4 mg/kg og er flokkað í umhverfismörk II “lág gildi” samkvæmt viðmiðum í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 769/1999.

Skv. Mælingum sem voru gerðar við hámarkslífmassa 8. maí 2024 í Vatneyri þá var styrkur kopars á stöð C1 39.1 mg/kg og er flokkað í umhverfismörk I eða mjög lág gildi samkvæmt viðmiðum í reglugerð 769/1999. Skv. niðurstöðum fyrir eldisvæðið á Vatneyri þá lítur svæðið vel út og ástandið metið mjög gott.

Samkvæmt niðurstöðum úr hvíldarrannsókn á Eyri sem var framkvæmd 23. apríl 2024 þá virðist botnsetið hafa lagast umtalsvert við hvíld á svæðinu og er ástandið metið mjög gott.

5. Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.

6. Farið var í skoðunarferð á kvíar og í prammana í Tálknafirði og Patreksfirði. Prammar voru snyrtilegir og kvíar snyrtilegar. Í Tálknafirði var fiskur bara í einni kví.

7. Um borð í þrómmunum voru flest efni geymd á lekabyttum og öryggisblöð á áberandi stað. En um borð í einum pramma í Tálknafirði var olíutunna með engri lekabyttu og er það því frávik. Meltugeymir var vel merktur.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.12 í starfsleyfi.	Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Það vantaði lekabyttu undir olíutunnu í Tálknafirði.
gr. 3.2 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila hvenær seiði verða sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Eftirlitsaðili hefur ekki fengið tilkynningu vegna útsetningar seiða í Vatneyri.
gr. 3.2 í starfsleyfi	Niðurstöður um vöktun eldisvæða þurfa að liggja fyrir áður en seiði eru sett út í kvíar og sent til eftirlitsaðila með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara fyrir útsetningu. Frávikinu er lokað þar sem skýrslan hefur borið eftirlitsaðila.

ÁBENDINGAR

Ein ábending: Rekstraraðili var minntur á gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldisvæðanna. Umhverfisstofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldisvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir